| URRIÐAHOLTSSKÓLI | **Kennsluáætlun 2024-2025**<br>Íslenska í 1-4 bekk |
|---|---|
| | **Lýsing** |
| **Námsgöng** | Kennsluhandrit í stýrðri kennslu (DI). Ljósritað efni fyrir fimiþjálfun. Skriftarbækur 2-5, Ritrún 1-3, Lesrún 0-2, Lestrarlandið: lestrarbók og verkefnabækur. Málrækt 1, Málfræði og ritunarverkefni af náms vefum. Ýmis kennsluforrit sem þjálfa notkun móðurmálsins. PALS kennt með stýrðri kennslu.<br>Annað málörvunar efni. Tölum saman, Orðagull, og unnið með 100 algengustu orðin. |
| **Kennsluaðferðir** | Urriðaholtsskóli hefur tileinkað sér raunprófaðar og árangursríkar leiðir í að kenna börnum lestur. Aðferðirnar eru stýrð kennsla Engelmanns (*Engelmann's Direct Instruction* (*DI*)) og fimiþjálfun, *Precision Teaching* (*PT*). Frammistaða nemenda er mæld á nákvæman hátt og niðurstöður skráðar. Aðferðin virkar því einnig sem matstæki á framfarir nemandans og skilvirkni kennslunnar. Öllum nemendum er raðað í hópa þvert á árganga eftir færni í efninu og því er hægt að mæta öllum nemendum á einstaklingsmiðaðan hátt með námsefni við hæfi. Nemendur færast á milli hópa yfir veturinn eftir námsframvindu hvers og eins<br><br>Með kennsluaðferðinni stýrð kennsla (DI) er lesskilningur, réttritun, orðaforði, málskilningur, málfræði og málvitund þjálfuð á öllum grunnskólastigum. |
| **Hæfniviðmið** | Hæfniviðmið í íslensku er sett fram í fjórum flokkum: Talað mál, hlustun og áhorf. Lestur og bókmenntir. Ritun og málfræði. |
| **Námsmat** | Matskvarði: 5 tákn. Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð |

| Tímabil | Náms og viðfangsefni | Hæfniviðmið | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Stig 1 | Talað mál, hlustun og áhorf: Talað hátt og skýrt, sagt frá eigin upplifunum, hlustað á aðra, sýnt kurteisi og tekið tillit til annarra.<br>Lestur og bókmenntir: lesið léttan texta upphátt og í hljóði, skilið inntak stuttra málsgreina.<br>Ritun og skrift: dregið rétt til stafs, náð góðum skriftarhraða, haft bil á milli orða, þekkt mun á stórum og litlum staf, þekkt hugtökin upphaf, miðja, endir. | **Talað mál, hlustun og áhorf**<br>• átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.<br>**Lestur og bókmenntir**<br>• beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,<br>• beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu<br>**Ritun**<br>• dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega, | Leiðsagnarmat, virkni, þátttaka og vinnubrögð.<br><br>Sjálfsmat: fimiæfingar<br><br>**Lesferill:** lesskimun 1. bekk okt.<br>**Lesfimi:** lestrarkönnun okt-jan-mai |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Málfræði: þekkt íslensku stafina og hljóð þeirra, greint orð í bókstafi og hljóð, leikið sér með rím og klappa atkvæði. Sungið stafrófsvísuna. Þekkt sér og samhljóða, samsett orð og unnið með tvöfalda samhljóða. | • beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi<br>**Málfræði**<br>• þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,<br>• leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleik | |
| stig 2<br><br>Á þessu stigi eru nemendur farnir að vinna með flóknari lesskilningsverkefni og byggt er ofan á grunn í  málfræði sem unnið var með á fyrsta stigi. | Talað mál og hlustun: Beitt skýrum framburði og tjáð sig í töluðu máli, hlustað af athygli á aðra, sýnt kurteisi og tekið tillti til annarra.<br>Lestur og bókmenntir: lesið upphátt og í hljóði, unnið með fjölbreyttan orðaforða, tengt lesefni við eigin reynslu, lesið ævintýri, sögur og ljóð. Þekkt hugtökin sögupersóna og söguþráður, túlkað og lesið efni, dregið saman meginatriði texta og spáð um framhaldið. Kynnist mismunandi tegundum texta.<br>Ritun og skrift: Skrifað skýrt, haft bil á milli orða, látið stafi sitja á línunni, haft jafnan halla á skriftinni, notað spássíu, beitt einföldum skriftarreglum, tjáð sig með ritun og þekkt hugtökin upphaf, meginmál og endir.<br>Málfræði: þekkt mun á orði og málsgrein, búið til fyrirmyndarmálsgreinar með stórum staf í upphafi og notað punkt í lokin.<br>Unnið með samheiti/andheiti, eintölu/fleirtölu, sagnorð og skipt nafnorðum í sérnöfn og samnöfn. | **Talað mál, hlustun og áhorf**<br>• hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni<br>**Lestur og bókmenntir**<br>• lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum<br>• valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju<br>• tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,<br>**Ritun**<br>• samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð<br>**Málfræði**<br>• greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta<br>• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska | Leiðsagnarmat, virkni, þátttaka og vinnubrögð.<br><br>Sjálfsmat: fimiæfingar<br>Orðarún: lesskilningur okt/apríl<br><br>Lesfimi: lestrarkönnun okt-jan-mai |
| stig 3<br>Á þessu stigi eru nemendur farnir að vinna með flóknari lesskilningsverkefni og byggt er ofan á | Talað skýrt og áheyrilega, endursagt sögu eða atburð, hlustað og horft með athygli á upplestur, sýnt kurteisi og tekið tillit til annarra. | **Talað mál, hlustun og áhorf**<br>• sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið, | Leiðsagnarmat, virkni, þátttaka og vinnubrögð.<br><br>Sjálfsmat: fimiæfingar |

| | | | |
|---|---|---|---|
| grunn í málfræði sem unnið var með á fyrri stigum. | Lestur og bókmenntir: Lýsingarorð, málfræði, talað mál og hlustun og áhorf.<br>Lestur og bókmenntir: þekkt boðskap sögu, ráðið í merkingu orða út frá samhengi og nýtt góðan orðaforða við að skilja texta. Nýtt fjölbreytta miðla til upplýsingaleitar, þekkt algeng hugtök úr bókmenntum og ljóðum.<br>Ritun og skrift: skrifað læsilega og með góðum skriftarhraða, nýtt í ritun grunnþáttum í byggingu texta, nýtt sér fjölbreytta ritunarramma við gerð texta, þekkt mun á bókmenntatexta og fræðitexta.<br>Málfræði: raðað í stafrófsröð eftir 3 staf, þekkt kyn og tölu nafnorða, þekkt lýsingarorð, þekkt regluna um n og nn, Þekkt regluna um ng og nk þekkt nokkur algeng orðtök og málshætti, stafsett algeng orð, leikið sér með orð og merkingu, rím og fl. Þekkt og notað algengustu greinarmerki í eigin ritun. | **Lestur og bókmenntir**<br>• lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum,<br>• nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi,<br>• beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap<br>**Ritun**<br>• skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu<br>• nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis<br>• skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda<br>**Málfræði**<br>• raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag<br>• búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta, | Orðarún: lesskilningur okt/apríl<br><br>Lesfimi: lestrarkönnun okt-jan-mai |
| Stig 4<br><br>Á þessu stigi eru nemendur farnir að vinna með flóknari lesskilningsverkefni og byggt er ofan á grunn í málfræði sem unnið var með á fyrri stigum. | Litla upplestrarkeppnin.<br>Talað mál, hlustun og áhorf: Beitt ákveðinni púltækni, staðið rétt, horft fram og staldrað við í upphafi og endi. Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar og beitt blæbrigðum við upplestur, sagt skipulega frá ákveðnu efni, nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi, sýnt kurteisi og tekið tillit til annarra.<br>Lestur og bókmenntir: lesið fjölbreytta texta sér til ánægju og gagns, lesið úr táknmyndum og myndrænuefni, notað algeng hugtök úr bókmenntum og | **Talað mál, hlustun og áhorf**<br>• nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi,<br>• beitt skýrum og áheyrilegum framburði<br>**Lestur og bókmenntir**<br>• aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi<br>• valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings,<br>**Ritun**<br>• nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu | Leiðsagnarmat, virkni, þátttaka og vinnubrögð.<br><br>Sjálfsmat: fimiæfingar<br><br>Lesfimi: lestrarkönnun okt-jan-mai<br><br>Orðarún: lesskilningur okt/apríl |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | ljóðum, þekkt ákveðin ljóð, áttað sig á meginatriðum fjölbreyttra texta.<br>Ritun og skrift: Vandað allan frágang við ritun og farið eftir ritunarreglum, notað spássíu og skrifað læsilega. Beitt einföldum stafsetningarreglum og tiltæk hjálpargögn við hæfi.<br>Málfræði: greint nafnorð í föll, notað fjölbreyttar samtengingar, greint sagnorð í nútíð og þátíð, stigbreytt lýsingarorð, leikið sér með tungumálið og margræðni orða. | texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi,<br>**Málfræði**<br>• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,<br>• gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða<br>• gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði. | |
| | | | |